



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 17.02.2020

Kl.: 12:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Óvissustig vegna kórónaveiru (COVID-19)

Lýsing á atburði

Í lok desember 2019 bárust fregnir af alvarlegum lungnasýkingum í Wuhan-borg í Kína. Í kjölfarið var staðfest að um áður óþekkt kórónaveiruafbrigði er að ræða, sem nú kallast COVID-19. Staðfest er að veiran smitast á milli manna og að hún getur valdið alvarlegum veikindum.

Á Íslandi er unnið samkvæmt óvissustigi, Landsáætlun- heimsfaraldur influensu. Ef svo ber undir má virkja Landsáætlun-sóttvarnir hafna og skipa, og Landsáætlun –alþjóðaflugvellir samhliða Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu.

Enginn einstaklingur hefur enn sem komið er greinst á Íslandi.

Samantekt

- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Embætti landlæknis / Sóttvarnalæknir. [Sjá upplýsingasíðu](#)
- Landspítalinn Sýkla og veirufræðideild- sýkingavarnadeild
- Heilsugæslahöfuðborgarsvæðisins
- Rauði Krossinn
- Landsbjörg
- Heilbrigðisstofnanir
- Heilsuvera
- Læknavaktin
- Flugsamgöngur um alþjóðaflugvelli og skipaumferð um skilgreindar hafnir
- Vegagerðin
- Samtök atvinnulífsins og sérstaklega SAF.
- Lyfjastofnun
- Landhelgisgæsla Íslands
- Tollgæslan
- Utanríkisráðuneytið

Staða mála

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 17. febrúar 2020 hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 71.333 einstaklingum og um 1.775 einstaklingar hafa látist (2,4%). Fjögur dauðsföll hafa orðið utan Kína, eitt í Taiwan, eitt á Filippseyjum, eitt í Japan og eitt í Frakklandi. Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 11.188 einstaklegar náð sér eftir veikindin. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála.

Tilfelli sem greinst hafa eru frá Kína (70.551), Hong Kong (57), Macao (10), Singapúr (75), Taílandi (34), Suður-Kóreu (30), Japan (59), Taívan (20), Malasíu (22), Víetnam (16), Sameinuðu arabísku furstadæmin (9), Indland (3), Filippseyjar (3), Kambodía (1), Nepal (1), Sri Lanka (1), Ástralíu (15), Bandaríkjunum (15), Kanada (8), Þýskaland (16), Frakkland (12), Bretland (9), Ítalía (3), Rússland (2), Spánn (2), Belgía (1), Finnland (1) og Svíþjóð (1). Farþegaskip við Japan (355). Flest tilfelli, eða 70.618 hafa greinst í Kína. Af þeim 45 einstaklingum sem greinst hafa í Evrópu hafa 14 smitast innan Þýskalands, 7 innan Frakklands og 1 í Bretlandi. Einn einstaklingur hefur greinst í Evrópu á sl. 4 dögum.

Ísland

- Staða mála er óbreytt. Enginn einstaklingur hefur greinst á Íslandi.
- Hér á landi hafa nú 24 sýni verið rannsökuð af sýkla og veirufraeðideild Landspítalans. Reyndust þau öll neikvæð.
- Á stöðufundi áhafnar samhæfingarstöðvar í morgun fór Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir yfir stöðu mála varðandi faraldsfræði kórónaveiru (COVID-19) og áhættumat fyrir Ísland. Mörgum spurningum er enn ósvarað varðandi faraldsfræði veirunnar og smit innan sem utan Kína. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum þá hefur nýjum tilfellum fækkað á undanförunum dögum og útbreiðsla utan Kína verið hæg. Í Evrópu hefur ekki orðið vart við samfélagslegt smit í þeim löndum þar sem veiran hefur greinst sem bendir til fullnægjandi einangrunar og sóttkvíaðgerða í þessum löndum.
- Mikilvægt er að viðhalda árvekni allra í þjóðfélaginu. Enn verður að gera ráð fyrir að veiran berist hingað til lands en aðgerðir sem notaðar verða þegar/ef veiran greinist hér landi hafa reynst vel í öðrum Evrópulöndum.
- Eitt tilfelli kom upp í Evrópu um helgina og eitt dauðsfall varð í Frakklandi. Fréttir um önnur alvarleg veikindi í Evrópu af völdum veirunnar hafa ekki borist. Áhættumat Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins metur stöðuna þannig að mjög litlar líkur séu á að veiran sé lýðheilsuógn í löndum Evrópu sem beiti einangrunar- og sóttkvíaðgerðum. Sýkingin getur hins vegar orðið íþyngjandi fyrir þá einstaklinga sem sýkjast. Þetta áhættumat er samhljóða áhættumati sóttvarnalæknis fyrir Ísland.
- Áfram verður unnið að því að skerpa viðbúnað innanlands og safnað upplýsingum um stöðu einstakra verkefna. p.a.m.
 - Áframhaldandi aðgerðir á alþjóðaflugvöllum og alþjóðahöfnum. Margvísleg upplýsingamiðlun er í gangi til farþega sem koma til landsins.
 - Upplýsingagjöf til almennings og atvinnulífsins. Upplýsingar eru aðgengilegar á landlaeknir.is
 - Unnið að aðstöðu fyrir einangrun/sóttkví fyrir einstaklinga sem ekki búa hér á landi.
 - Heilbrigðisstofnanir og viðbragðsaðilar vinna að viðbragðsáætlunum sínum, fara yfir aðstöðu, hlífðar- og tækjabúnað.
- Sóttvarnalæknir átti fund með Sóttvarnaráði fimmtudaginn 13. febrúar. Ráðið styður áhættumat sóttvarnalæknis og þær aðgerðir sem eru í gangi.
- Sóttvarnalæknir og almannavarnir upplýstu í morgun fulltrúa ráðuneyta um stöðu mála.
- Vinnuhópur ríkislögreglustjóra vinnur enn að greiningu á hugsanlegum aðgerðum sem miða að því að stemma stigu við komu ferðamanna frá áhættusvæðum.
- Næsti fundur með umdæmislæknum sóttvarna og lögreglu verður haldinn á morgun, þriðjudaginn 18. febrúar.
- Áfram er unnið samkvæmt óvissustigi, Landsáætlun- heimsfaraldur inflúensu.
- Næsti stöðufundur í samhæfingarstöð almannavarna verður miðvikudaginn 19. febrúar

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Samhæfir aðgerðir í samstarfi við sóttvarnalækni/embætti landlæknis Almannavarnastig er óbreytt: unnið er á óvissustigi- Landsáætlun um heimsfaraldur inflúensu.
Sóttvarnalæknir/embætti landlæknis
Unnið að samhæfingu aðgerða, leiðbeiningum og efni fyrir almenning, heilbrigðisstarfsfólk, ferðaþjónustuna og atvinnulífið . Upplýsingar eru uppfærðar og nýjar leiðbeiningar settar inn eftir þörfum. Sjá nánar https://www.landlaeknir.is/koronaveira/ .
Landspítalinn – Sýkla og veirufræðideild-sýkingavarnadeild.
Situr daglega samráðsfundi SVL með samhæfingarstöð almannavarna. Í dag hafa 24 einstaklingar verið rannsakaðir af sýkla og veirufræðideild.m.t.t. hinnar nýju kórónaveiru og var enginn þeirra með veiruna.
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) / Heilsuvera.is
Umdæmis og svæðislæknir (Umd/Svæ)-SVL á höfuðborgarsvæðinu situr reglulega. samráðsfundi með SVL.
Alþjóðaflugvellir, Keflavík, Akureyri, Egilsstaðir og Reykjavík. Sóttvarnahafnir.
Upplýsingum er miðlað til farþega og starfsmanna. Landhelgisgæslan sendir upplýsingar til erlendra skipa sem eru á leið til hafnar á Íslandi og fer yfir farþegalista ásamt Tollgæslunni. Sent SMS til komufarþega KEF og Norrænu á Seyðisfirði.
Ferðaþjónustuaðilar
Ferðamálastofa og Samgöngustofa dreifa upplýsingum í gegn um sína gagnagrunna til ferðaþjónustuaðila.
Heilbrigðisstofnanir og lögregla á landsbyggðinni
Næsti samráðsfundur SVL og lögreglustjóra umdæmanna verður haldinn þriðjudaginn 18. febrúar.
Læknavaktin
Miðlar upplýsingum og tryggir svörum 24/7. Símaþjónusta 1700. Fyrir erlend símanúmer +354 544-4113. Símtöl hafa gengið vel. Samráð við HH um að tryggja aðgang að vakthafandi lækni.
Rauði Krossinn
Unnið er að þarfagreiningu v/einangrunaraðstöðu fyrir ferðamenn í hverju sóttvarnaumdæmi. Unnið í samvinnu við Landspítala. Rauði krossinn veitir sálfélagslegan stuðning við fjölskyldur sem eru í sóttkví. Virkjaður hefur verið samráðshópur áfallahjálpar sem skráir inn upplýsingar í aðgerðagrunn yfir stöðu mála.
Landsbjörg
Miðlar upplýsingum til ferðamanna á www.safetravel.is . Vinnur að því að skrá nýja aðila inn í aðgerðagrunn SAR-EYE.
Utanríkisráðuneytið.
Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins á í daglegu samráði við borgarþjónustur Norðurlanda. Sendiráð Íslands í Peking er í sambandi við Íslendinga í Kína, m.a. þá sem hafa skráð sig á netfanginu help@mfa.is . Einnig eru settar tilkynningar á samfélagsmiðla (sjá Facebook https://www.facebook.com/utanrikisthjonustan/).
Lyfjastofnun
Er í samskiptum við Lyfjastofnanir erlendis og fylgist með birgðum nauðsynlegra lyfja.